



## **100.fundur skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni**

Haldinn á Teams mánudaginn 21. mars 2022 kl. 10:00

Fundinn sátu: Gunnar Þorgeirsson, Jóna Katrín Hilmarsdóttir skólameistari, Bragi Bjarnson, Fanney Ólöf Lárusdóttir, Eydís Indriðadóttir, Áslaug Harðardóttir áfangastjóri, Hildur Hálfðanardóttir sem ritaði fundargerð, Freyja Rós Haraldsdóttir (fulltrúi kennara), Sigríður K. Viðarsdóttir (fulltrúi foreldra), Jóhannes Sveinbjörnsson.

Dagskrá:

1. Áhrif Covid á skólastarf
2. Staða framkvæmda
3. Breyting á skólastarfi
4. Mönnun næsta vetur

Gunnar setti fundinn.

### **1. Áhrif Covid á skólastarf**

Jóna Katrín tekur til máls. Margir nemendur fengu Covid eftir afléttingu. Nemendur héldu ball og hátt í 50 nemendur smituðust í kjölfarið.

Þó nokkrir kennarar hafa einnig fengið Covid og gætu þurft að þúsla aðeins seinni hluta annarinnar saman. Áherslan hjá okkur núna er félagsþátturinn hjá nemendum.

### **2. Staða framkvæmda**

Ríkiseignir eru búnir að koma og taka út endurbæturnar á skólahúsinu. Brytaíbúðinni verður breytt í listakennslustofu, en er ekki komin dagsetning á hvenær framkvæmdir hefjast. Þó er komið leyfi til að hefja niðurrif.

Leki í þakinu á Fjarvist. Orsök voru að loftræstitúða var ótengd. Þá myndaðist raki.

Endurbætur á heimavist, hús 1 Nös, verða teknar í skrefum næstu sumur, þrjú til fjögur herbergi í einu til að minnka rask.

### **3. Breyting á skólastarfi**

Jóna Katrín tekur til máls. Ræðir um breytingar á námsskipulagi. Áfangar færðir til, breytingar á áfangaheitum og einingum til að uppfylla kröfur háskólanáms. Einnig verður reynt að létta álag á öðru ári. Nýtt eyktarskipulag er í smíðum og skv. Því verða engar vinnustundir frá og með næsta skólaári. Freyja nefnir að við þurfum að undirbúa nemendur vel fyrir þessar breytingum.

Áslaug tekur til máls. Valáfangar og framboð á þeim er í stöðugri þróun, nýtt eyktarskipulag tekur við í haust með hefðbundnari stundatöflum. Vinnustundir detta út, hver kennari fær meiri tíma með sínum nemendahóp. Kennslustundir munu byrja seinna



á morgnana. Þar er tekið mið af rannsóknum á svefni unglinga og einnig komið til móts við kennara sem eru með börn á leikskóla.

Nokkur umræða skapaðist um þriggja ára námið. Stúdentsprófið rýrnaði og álag er meira.

#### **4. Mönnun næsta vetur**

Jóna Katrín greinir frá því að Halldór Páll sé í veikindaleyfi frá 2. mars 2022 til 25. janúar 2023. Jóna Katrín tók við og er skipuð sem skólastjóri til 25. janúar 2023.

Heiða Gehringer er í hálfu leyfi nú á vorönn, fengum Lóu Björk Óskarsdóttir inn til að kenna líffræðina. Heiða kennir myndlist í hálfu starfi. Mönnun helst óbreytt að mestu leyti.

Gunnar biður um að fundargerð verði send í tölvupósti til nefndarmanna sem hafa tvo sólarhringa til að gera athugasemdir ellegar skoðast hún samþykkt.

Fundi slitið kl. 10:37

Fundagerð ritaði Hildur Hálfðanardóttir